



Orkumál

Vogar undirrita samkomulag um Suðurnesjalínu

Framkvæmdaleyfi fyrir Suðurnesjalínu 2 og breytingar á Suðurnesjalínu 1 voru samþykktar af skipulagsnefnd Vogar í gær. Samkomulag var undirritað við Landsnet klukkan 13 í dag.

Róbert Jóhannsson

30. júní 2023 kl. 13:41, uppfært kl. 13:55



A A A



Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets, og Gunnar Axel Axelsson, bærarstjóri Sveitarfélagsins Vogar, undirrita samkomulagið.

Landsnet – Steinunn Þorsteinsdóttir

Landsnet og Sveitarfélagið Vogar skrifuðu í dag undir samkomulag vegna lagningar Suðurnesjalínu 2 og breytingar á Suðurnesjalínu 1. Skipulagsnefnd Voga samþykkti á fundi í gær að veita framkvæmdaleyfi fyrir Suðurnesjalínu 2 á þeim forsendum sem fram koma í samkomulaginu og var það undirritað eftir fund bæjarstjórnar í dag.

Landsnet og Vogar hafa lengi deilt um Suðurnesjalínu 2. Sveitarfélagið hefur beðið um að Suðurnesjalína 2 verði lögð í jörðu en Landsnet hefur viljað hafa hana á yfirborðinu. Samkomulagið kveður á um að Suðurnesjalína 2 verður lögð sem loftlína og samhliða verður unnið að undirbúningi þess að leggja Suðurnesjalínu 1 í jörðu.